

gerðarbeiðandi ekki hafa fært fram svo ríkar sönnur fyrir rétti sínum til hinnar umdeildu geymslu, að rétt þyki að svipta gerðarþola umráðum hennar með beinni fógetagerð.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. janúar 1955.

Nr. 85/1953. **Njörður h/f** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar f.h.**  
**bæjarsjóðs** (Einar B. Guðmundsson).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinnsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Útsvarsmál.

### Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1953. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Hlutafélagið Njörður, áfrýjandi máls þessa, er skrásett á Akureyri. Þar er og stjórnarstöð þess og fyrirsva. Félagið hefur á undanförunum árum, þar á meðal árin 1950 og 1951, rekið atvinnu bæði á Akureyri og Siglufirði, og hefur því verið gert að greiða útsvar í báðum kaupstöðunum.

Í máli þessu er krafizt lögtaks til heimtu útsvara og kirkjugarðsgjalda, sem áfrýjanda var gert að greiða í bæjarsjóð Siglufjarðar árin 1951 og 1952. Með lögum nr. 59/1947 var breyting gerð á 8. gr. laga um útsvör nr. 66/1945 og svo kveðið á, að reki félag atvinnu í fleiri sveitarfélögum en einu, þá megi á hverjum stað leggja á eignir félagsins þar og tekjur af þeim atvinnurekstri. Samkvæmt lagaboði þessu var álagning nefndra útsvara heimil, enda hefur því eigi verið hreyft, að lagt hafi verið á aðra gjaldstofna en þar greinir. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Njörður h/f, greiði stefnda, bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fógetadóms Eyjafjarðarsýslu 28. apríl 1953.

Gerðarpóla, hlutafélaginu Nirði, sem er skrásett á Akureyri, var gert að greiða útsvör til Siglufjarðarbæjar árin 1951 og 1952, kr. 8520.00 hvort ár, og kr. 85.20 hvort ár í kirkjugarðsgjald, en þegar dráttur varð á, að gjöld þessi væru greidd, krafðist bæjargjaldkerinn lögtaks fyrir þeim ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði eftir mati réttarins.

Gerðarþoli hefur látið mótmæla því, að gerðin fari fram, og mótmælt málskostnaðarkröfu gerðarbeiðanda og krafizt málskostnaðar sér til handa. Var málið sótt og varið munnlega og síðan lagt í úrskurð 24. þ. m.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína fyrst og fremst á 8. gr. útsvarslaganna, 1. mgr., sbr. lög nr. 59 24. maí 1947. Telur hann, að eigi verði vefengt, að atvinnurekstur gerðarpóla, sem hér hafi verið skattlagður, sé rekinn á Siglufirði, enda muni þetta félag beinlínis stofnað fyrst og fremst til að reka síldarsöltun á Siglufirði, félagið eigi þar verðmætar fasteignir og hafi þar fastan starfsmann árið um kring á mánaðarkaupi, sem annist alla fyrirgreiðslu á staðnum fyrir gerðarpóla árið um kring. Samkvæmt því telur gerðar-

beiðandi sig hafa sannað, að fyrirtæki gerðarþola fullnægi ákvæði a-liðs 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945 um heimilisfasta atvinnustofnun. En jafnvel þótt ekki yrði litið svo á, að þetta væri heimilisföst atvinnustofnun á Siglufirði, þá væri gerðarþoli ótvírætt úrsvarskyldur á Siglufirði samkvæmt lögum nr. 59/1947, enda sé bæjarsjóði Akureyrar óheimilt að leggja á gerðarþola, að því er varðar eignir og tekjur á Siglufirði samkvæmt þeim lögum. Loks hefur gerðarbeiðandi stutt kröfu sína á því, að gerðarþoli hafi greitt útsvar á Siglufirði bæði árin 1949 og 1950.

Gerðarþoli byggir kröfur sínar á því, að það sé skrásett félag á Akureyri og hafi jafnan greitt þar öll opinber gjöld samkvæmt 1. mgr. 8. gr. útsvarslaganna. Hann telur aðalatvinnurekstur sinn verkun sildar, en hann standi samkvæmt eðli sínu ekki lengur en 3—4 mánuði. Jafnframt telur hann sig hafa atvinnurekstur víðar, svo sem fiskkaup, og einnig hafi hann jafnan haft undirbúning að sildarsöltun á Akureyri, þótt eigi hafi orðið af söltun þar þessi ár vegna aflaleysis. Þá hefur hann talið, að ekki gæti það skorið úr um þetta, þótt hann ætti töluverðar fasteignir á Siglufirði, og vísar þar um til hæstaréttardóms milli aðilja frá 1942. Samkvæmt því telur hann, að skilyrði a-liðs 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna um fasta atvinnustofnun sé eigi fullnægt. Í því sambandi hefur hann einnig mótmælt því, að það breyti nokkru í þessu sambandi, þótt þeir hafi umboðsmann á Siglufirði allt árið, enda telji þeir laun hans ekki full árslaun, enda sé honum heimilt að taka að sér önnur störf þann tíma, sem ekki sé starfað í söltunarstöðinni. Gerðarþoli telur og, að lög nr. 59/1947 breyti ekki framangreindu ákvæði a-liðs greinarinnar í neinu, og geti þau því ekki haggð niðurstöðu hans um þetta efni. Um greiðslu útsvaranna á Siglufirði hefur gerðarþoli haldið því fram, að umboðsmaður þeirra á Siglufirði hafi greitt útsvarið fyrra árið án vitundar forráðamanna félagsins, en síðara árið hafi það verið greitt með fyrirvara, sbr. dskj. nr. 9.

Samkvæmt gögnum málsins er gerðarþoli hlutafélag og skrásett á Akureyri, en á sildarstöð, húseignir og bryggjur í Siglufjarðarkaupstað og hefur rekið þar sildarverkun um margra ára bil og virðist þetta hafa verið aðalrekstur félagsins. Við flutning málsins var upplýst, að allir stjórnendur félagsins og framkvæmdastjóri eru búsettir á Akureyri. Á Siglufirði hefur félagið einn mann í þjónustu sinni allt árið með 1800 króna grunnlaun á mánuði, og voru laun hans 1952 kr. 32.130.00, auk þess fólks, sem þar vinnur yfir aðalstarfstímann. Starf hans utan aðalsildartímans er að hafa eftirlit með eignum félagsins á staðnum og annast aðra fyrirgreiðslu vegna félagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á það með rökum, að þetta væri ekki aðalstarf mannsins allt árið. Þegar allt þetta er virt, telur rétturinn, að gerðarbeiðandi hafi leitt nægileg rök að því, að rekstur gerðarþola í Siglufjarðarkaupstað á þeim tíma, er skiptir máli, hafi verið slíkur, að teljast megi heimilisföst atvinnustofnun, sbr. a-lið

2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna, og hafi gerðarbeiðanda því verið útsvarsálagningin heimil. Þar sem ekki hafa verið færð nein rök fyrir því, að farið hafi verið út fyrir mörk þau, er sett eru í lögum nr. 59/1947 við ákvörðun útsvaranna, og grundvöllurinn fyrir útsvarsálagningunni ekki í öðru tilliti vefngdur, ber að leyfa framgang gerðarinnar fyrir allri upphæðinni ásamt dráttarvöxtum og kostnaði við gerð þessa og uppboð, ef til kemur. Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1000 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerð þessi á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1000.00 í málskostnað.

---

Miðvikudaginn 19. janúar 1955.

Nr. 66/1954. **Garðar Vigfússon** (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn  
**Borgarstjóranum í Reykjavík f.h.**  
**bæjarsjóðs** (Tómas Jónsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Útsvarsmál. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í úrskurði fógeta, ber að staðfesta hann.